

Skólanámskrá 7. bekkur

Íslenska

Áhersla er lögð á frumpætti móðurmálsins, sem eru talað mál, hlustun, lestur og ritun. Leitast er við að auka orðaforða, efla málskilning og örva málnotkun nemenda eins og unnt er. Í grófum dráttum má skipta íslenskunáminu niður í fjóra flokka, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

Vinnulag: Unnið eftir kennsluaðferðinni Læsisfimmán (Daily 5). Áhersla er lögð á fjölbreyttar vinnuaðferðir í einstaklings, para og hópvinnu. Mikil samþætting er í nám nemenda og er reynt að tengja lesturinn við sem flestar námsgreinar. Aðferðir leiðsagnarnáms eru nýttar þar sem lögð er áhersla á vaxandi hugarfar, árangursríka samvinnu og gagnvirkan lestur.

Vitnisburður: Nemendur fá umsögn í metanlegum hæfniviðmiðum sem eru sýnileg í Mentor.

A	Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
B+	Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A.
B	Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
C+	Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina B.
C	Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
D	Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs

Lesfimi er mæld sem rétt lesin orð á mínútu.

Lesfimiviðmið Menntamálastofnunar eru nýtt til viðmiðunar fyrir hvern árgang.

Lesfimiþróf eru metin þrisvar sinnum á vetri, sept., jan. og maí.

https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid_mms.pdf

7.bekkur - maí viðmið

90% viðmið 190 orð á mín. 50% viðmið 165 orð á mín. 25% viðmið 120 orð á mín.

Orðarún: lesskilningsþróf eru lögð fyrir í desember og maí.

A	A
B+	B+
B	B
C+	C+
C	C
D	D



Skólanámskrá 7. bekkur

Kennarar: Fríða Kristjánsdóttir og Gunnar Bessi Þórisson

Tímaáætlun: 6 stundir á vikur sem skiptist í: stafsetningu, málfræði, ritun, framsögn, lesskilning, bókmenntir.

Íslenska:

Vinnulag: Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, einstaklings, para- og hópavinnu. Unnið er í Fimmu (Daily five) þar sem lögð er áhersla á hlustun, orðavinnu, ritun, sjálfstæðan lestur og félagalestur. Samþætting er á milli námsgreina og falla ritun, stafsetning, málfræði, lestur og lesskilningur inn í námsgreinar eins og samfélags- og náttúrufræði.

Námsmat:

Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir allt námsárið. Til grundvallar mati er allt frá heimavinnu, umræðum og frammistöðu í tímum til verkefna, kannana, prófa með tilliti til þess að nemandi geti bætt hæfni sína á öllum sviðum. Lesfimiþróf er þrisvar yfir veturinn. Lesskilningsþróf er tvisvar yfir veturinn. Málfræðiþróf tekið við lok hvernar annar.

Nemendur fá lokamat í bókstöfum: A, B+, B, C+, C, D, þar sem matsviðmið sem metur færni nemenda er haft til hliðsjónar.

Kennarar: Fríða Kristjánsdóttir og Gunnar Bessi Þórisson

Tímaáætlun: 6 stundir á vikur sem skiptist í: stafsetningu, málfræði, ritun, framsögn, lesskilning, bókmenntir.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð :	• getur tjáð hugsanir, skoðanir og tilfinningar sínar, • áttar sig á styrkleikum sínum og áhugasviði,

Skólanámskrá 7. bekkur

	• þekkir styrkleika sína og byggir upp góða sjálfsmynd.
Jafnrétti	• virðir jafnan rétt einstaklinga, • ræktar hæfileika á eigin forsendum, • getur rýnt í margs konar texta án fordóma, • áttar sig á mismunandi þjóðfélagshópum í samfélaginu sem þurfa að vinna saman á jafnréttisgrundvelli.
Lýðræði og mannréttindi	• getur valið sér viðfangsefni út frá áhugasviði og styrkleika, • ber virðingu fyrir manngildi hvers og eins, • tileinkar sér lýðræðisleg vinnubrögð.
Læsi	• getur lesið sér til gagns og gleði, • getur lesið fjölbreyttan texta og notað til þess mismunandi lestraraðferðir, • vinnur á fjölbreyttan hátt með læsi eins og t.d. menningarlæsi, umhverfislæsi og upplýsingalæsi, • skapar eigin merkingu og bregst á persónulegan og skapandi hátt við því sem hann les, • þekkir til mismunandi umræðuhefða og orðanotkunar.
Sjálfbærni	• notar íslensku á fjölbreyttan og skapandi hátt, • getur rökrætt um margvísleg álitamál og ágreiningsefni, • beitir gagnrýnni hugsun og getur sett sig í spor annarra, • tekur virkan þátt í skólastarfinu.
Sköpun	• nýtir ímyndunaraflið til að leika sér með ýmsa möguleika tungumálsins, • tjáir eigin skoðanir og tilfinningar á fjölbreyttan hátt.

Íslenska við lok 7. bekkjar:

Skólanámskrá 7. bekkur

Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat	Vitnisburður
<u>Talað mál, hlustun og áhorf</u> - tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar - átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt kurteisi - nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt, - hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum, - Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar. - tekið þátt í samræðum og	- Orðspor 3 lesbók og vinnubók Vefmiðlar - Lestrarbækur sérvaldar - Valin verkefni og textar - Garðurinn	- nemendur vinna með fjölbreytt myndefni m.a. á rafrænu formi, - nemendur þjálfast í framsögn, tjá eigin skoðanir og taka þátt í samræðum undir leiðsögn kennara, nemendur læra að rökræða og verja eigin skoðanir og bera virðingu fyrir skoðunum annarra.	Hvernig og hvað ætla ég að meta. Nemendur eru metnir með leiðsagnarmati jafnt og þétt yfir skólaárið. Þeir fá leiðsögn hjá kennara varðandi framsögn og leikræna túlkun. Nemendur flytja m.a. ljóð, lesa eigin sögur og verkefni fyrir bekkjarfélagi og hlusta á upplestur bekkjarfélagi. Taka þátt í og fylgja helstu reglum á bekkjarfundum. Stóra upplestrarkeppnin	Nemendur frá lokamat í bókstöfum: A, B+, B, C+, C, D, þar sem hæfniviðmið sem metur færni nemenda er haft til hliðsjónar. A Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. B+ Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A. B Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum

Skólanámskrá 7. bekkur

rökræðum samkvæmt reglum.				námsgreinar eða námssviðs.
<u>Lestur og bókmenntir</u> • notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta. • greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta, • greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegu m hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap, • Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu	• Orðspor 3 lesbók og vinnubók • Valið efni • Vefmiðlar • Garðurinn • Þriðji smellur • Lesbækur valdar af nemendum	• áhersla á gagnvirkann lestur og yndislestur, nemendur lesi fjölbreyttan texta, bæði í skóla og heima, • ýmis verkefni í tengslum við bókmenntatexta þar sem reynir á hæfni nemenda, • áhersla á að kenna nemendum skipulega framsetningu texta, stafsetningu, orðaforða og skapandi skrif, • kenna gagnrýna hugsun varðandi trúverðugleika	• Lesfímipróf þrisvar sinnum yfir veturinn september, janúar og maí. • Lesskilningsprófið Orðarún tvisvar á skólaárinu.	C+ Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina B. C Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. D Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. Nemendur fá umsögn í metanlegum hæfniviðmiðum sem eru sýnileg í Mentor.

Skólanámskrá 7. bekkur

rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga. • lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað • Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann. • beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap • valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju • lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir		upplýsinga á Veraldarvefnum.		Mat á hæfni Lesfimi er mæld sem rétt lesin orð á mínútu. Lesfimiviðmið Menntamálastofnunar eru nýtt til viðmiðunar fyrir hvern árgang.
--	--	-------------------------------------	--	---

Skólanámskrá 7. bekkur

ætlaðar börnum og unglingum • lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær				
<u>Ritun</u> • skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur, • beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim, • lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun,	• Valið efni frá kennara • Stafsetning, ritreglur og æfingar • Skrift 7	• markvissar stafsetningaræfingar og endurgjöf, • færni í stafsetningu er aukin í gegnum textaskrif nemenda, • lögð er áhersla á skapandi ritun í tengslum við fjölbreytt viðfangsefni, • kennsla í mismunandi formum ritunar, • kennsla í meðferð og skráningu heimilda í ritgerðavinnu. • ólíkir stílar ritunar	leiðsagnamat nemendum leiðbeint með uppbyggingu ritunarverkefna og innihald texta. Leiðbeinandi endurgjöf á ritunarverkefni gefin jafnóðum. Nemandi þjálfar skrift eftir forskrift.	

Skólanámskrá 7. bekkur

• valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni • samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa. • skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu,		• skriftaræfingar • rafræn skil		
<u>Málfræði og stafsetning.</u> • gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það	• Málrækt 3 • efni frá kennara • Orðspor 3 lesbók og vinnubók • Gagnvirkar æfingar	• kynning á námsefni og umræður, • nemendur vinna fjölbreytt málfræðiverkefni	Leiðsagnarmat regluleg endurgjöf þar sem farið er yfir verkefni og þær reglur sem verið er að kenna hverju sinni.	

Skólanámskrá 7. bekkur

• beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað • nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta • Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra. • Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun. • nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum	• Stafsetning ritreglur og æfingar. • Ritunarverkefni	þar sem þeir fá m.a. þjálfun í orðflokkagreiningu • regluleg endurgjöf, • skrifað upp eftir upplestri, • hugtakakort og orðavinna, • vinna með fjölbreyttan texta til að auka orðaforða og efla skilning á orðtökum og málsháttum.	Málfræðipróf í lok hvorrar annar.	
--	--	--	-----------------------------------	--

Skólanámskrá 7. bekkur

og öðrum gagnabrunnum um mál • gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu				
---	--	--	--	--